

Fundargerð nr. 214

214. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga haldinn á Teams 23.9.2025, kl. 8:15

Mætt: Kjartan Björnsson, Erla Sif Markúsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson, Helga Sighvatsdóttir og Jóhann I. Stefánsson.

1. Áætlun 2026

Helga fór yfir drög að fjárhagsáætlun 2026. Tekinn hefur verið sú ákvörðun að bókhaldsvinna sem Grímsnes- og Grafningshreppur sá um verði unnin innan skólans.

2. Staðan að hausti – nemendur/biðlisti/kennslustaðir/nýir kennarar/áherslur í vetur/...

Nemendur á biðlisti í Árborg eru 25 og Hvergerði 14, óskað hefur verið eftir auknum tímafjölda. Rætt um að koma upplýsingum um skólann betur á framfæri t.d í FB hópum, eins og íbúasíðum. Kennt er í öllum grunnskólum umdæmisins, aftur er farið að kenna á Stokkseyri og Eyrabakka. Nýir kennarar Daði Þór Einarsson málmblástur Þorlákshöfn og Gunnlaugur Bjarnasson tónfræði í Hvergerði og bætir við sig málmblastri ef hægt er þar. Sæbjörg Eva Hlynsdóttir komin með mun meiri kennslu á tréblásturshljóðfæri.

3. Skóladagatal 2025-2026

70 ára afmælið 15. nóv, tónleikar á Laugarvatni. Allar deildir skólans að undirbúa atriði úr sýslunni. Dagatalið að öðru leiti hefðbundið, fylgir dagatali grunnskólanna varðandi haust og vetrarfrí. Svæðistónleikar á sýnum stað, þemað í vetur verður Dýr. Nýjung þetta ár verður vinavika, þá er vinum nemenda boðið í heimsókn og þau kynnast náminu.

4. Blásturskennsla í Þorlákshöfn og Hveragerði

Vegna uppbyggingar blásarasveita, var í september auglýstur helmings afslátt af skólagjaldi og hljóðfæraleiga felld niður, fyrir nýja nemendur á blásturshljóðfæri í Þorlákshöfn og Hveragerði.

5. Frístundamessa

Skólin tók þátt í Frístundamessuni í Árborg. Nokkrir sóttu um í framhaldi af henni. Góð þáttaka í messuni almennt. Haldin var frístundamessa í Hvergerði sem skólinn vissi ekki af.

6. Rótarý-gjöf

Rótarýklúbbur Selfoss styrkti skólann með 300.000 kr. til kaupa á gagnvirkum skjá. Kennarar skólans hafa verið á námskeiðum um notkun hans.

Stjórn skólans vill koma kærum þökkum til Rótarýklúbbsins fyrir þessa gjöf.

7. Skjalavarsla

Skjalavarsla í góðum málum. Skjalaskil til Héraðsnefndar er á 5 ára fresti, síðast núna í vor. Um leið var endurnýjuð skjalavistunaráætlun og málalykill fyrir Tónlistarskóla Árnesinga.

8. Önnur mál

Myndataka af stjórn féll niður vegna covid á sínum tíma. Næsti fundur ekki á Teams og stefnt á myndatöku.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9:15 / SIS

Fundargerð send til fundarmanna í tölvupósti til samþykktar.

Kjartan Björnsson
Erla Sif Markúsdóttir
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson
Helga Sighvatsdóttir
Jóhann I. Stefánsson